

Aristóteles. Siðfræði hans með orðum hans sjálfs og túlkun Svavars Hrafns Svafarssonar

Grískri fornaldarheimspekingurinn, Aristóteles, lætur eftir sig ógrynni athugasemda um heimspeki og siðfræði, sem teknar hafa verið saman á bækur. Siðfræði Nikomakkosar I (Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995) er ein þeirra í snilldarlegri þýðingu Svavars Hrafns Svafarssonar, sem einnig ritar inngang og skýringar. Frekari skýringar á speki þessa (trúlega) mesta spekings andans sögu virðast mér myndu verða fánýtar. Því vil ég miðla lærdómi þeirra beggja, Aristótelesar og Svavars, eins skilmerkilega og frekast kostur er. Beinarn tilvitnaðir gæti verið góð leið til þess.

Svavar Hrafn: „Samkvæmt Platoni dregur þekking dóm af viðfangsefni sínu. Fyrst þekking þarf að vera óyggjandi og óbrigðul vitneskja um veruleikann sjálfan hlýtur viðfangsefni að vera óyggjandi og óbrigðull veruleiki. Skynheimurinn er brigðull og breytanlegt samansafn af ólíkum einstaklingum. Hann getur því ekki verið viðfangsefni sannrar þekkingar. Platon fann sína lausn í frummyndum, óbreytanlegum og altækum veruleika. Skynheimurinn sjálfur er aðeins óljóst endurskin þessa frummyndaheims.

Nú viðurkennir Aristóteles að þekking beinist að óbrigðulum veruleika og jafnframt hinu altæka, en hann hafnar frummyndum sem lausn, því hann sættir sig hvorki við skýringu Platons á aðskilnaði frummynda og (s. 70) skynheims né því að frummynd sé umsögn sjálfrar sín, því í hvaða skilningi er til dæmis frummynd hins góða sjálf góð?.....

Hann þarf að finna aðra leið en Platon. Hann þarf einnig að finna aðra orsök alls sem er, því frummyndir voru orsakir eftir kenningu Platons; þær voru skýringar á veruleikanum.

Þegar við rannsökum veruleikann og sjáum hversu brigðull hann er tökum við eftir því að sumt virðist haldast stöðugt þótt annað breytist. Til dæmis getur einhver einstakur maður breyst. Þó er ljóst að þessi maður hlýtur að hafa eitthvað til að bera sem gerir honum kleift að vera maður og breytast sem maður. Þetta hefur gengið undir ýmsum nöfnum en kallast iðulega „eðli“ eða „verund.“ Það var Aristóteles sem ýtti þessum hugtökum úr vör. Íslensku orðin eru þýðingar á latnesku orðunum natura og essentia.“ (s. 71)

„Ef við höfum frum-(s. 71)lag setningar er umsögn á tíu vegu. Hún gefur til kynna verund hlutarins, stærð, einkenni, afstöðu, stað, tíma, stöðu, höfn, gjörð og áverkan.....má skipta umsögnum í þessa tíu flokka. Þessir flokkar hafa oft verið nefndir „kategoríur“, en ekki umsagnirnar sjálfar og því hefur orðið stundum verið þýtt „riðlar“ eða „kvíar“.

„Það sem svarar spurningunni „hvað er þetta?“ flokkast til verundar og það sem tilheyrir þessum flokki er verund. Þessi flokkur verunda er (s. 72) grunnflokkurinn, því hann er undirstaða allra hinna flokkanna: maður er sagður vera tveggja metra, sem er hæð mannsins, en ljóslega er maðurinn sjálfur nauðsynleg forsenda hæðar sinnar. Verund er undirstaða eða frumlag....Þannig er einstakur maður undirstaða eða frumlag stærðarflokksins: Jón er hávaxinn maður.“ (s. 73)

„Umsagnakenning Aristótelesar var ákveðið svar við kenningu Platons; hin altæka frummynd lýtur í lægra haldi fyrir verund einstaklingsins. Hugmynd Platons hafði verið andsvar við hugmyndum manna eins og Parmenídesar, sem hélt því fram að ekkert mark væri takandi á skynheiminum, enda væri sannur veruleiki óbreytanlegur, samur sjálfum sér og engu öðru.“ (s. 73)

„Aristóteles leitaði hins vegar veruleikans sem undirstöðuallra breytinga.“

„.....er sérhver breytinghamskipti einhverrar undirstöðu. Undirstaðan er mögulega....það sem hún getur orðið, en ekki virkilega.....“

Breyting gefur til kynna tvenns kon-(s.74) ar ástand, fyrir og eftir breytinguna. Hún getur verið ferns konar. (1) Breyting verundar, sem er tilurð og eyðing. (2) Breyting eiginleika, sem mætti kalla umskipti. (3) Breyting magns, sem er aukning eða minnkun. (4) Breyting staðar, sem Aristóteles kallar færslu.

Eins og sést er grunvallarmunur á fyrstu breytingunni og hinum þremur síðari, sem oft kallast einu nafni hreyfing. Undirstaðan í breytingu eiginleika er verundin.....en breytist verundin sjálf hverfur formið eða sniðið.....og efníð.....eitt verður eftir. Þetta er eyðing hlutarins, eins og tilurðin er tilkoma sniðsins.“ (s. 75)

„Orsök er það sem gerir manni kleift að skilja fyrirbæri.“ Hún er skýringin.“ (s. 77)

„Tilgangur er hins vegar skýring á markmiðinu sem breytingin stefnir að.....aflvakinn kemur breytingunni af stað, orsakar ferlið,.....“

Samkvæmt Aristótelesi stefnir náttúran öll að markmiði....Hvað eina verður til fyrir markmið. Kenning hans virðist bæði taka til dauðra hluta og lifandi.....Þetta er markhyggja.....og hún skipar veglegan sess í kenningum hans um mannlega breytni. Markhyggjan er útlekking á orsaka-(s. 77)kenningunni. Samkvæmt henni stefnir hver hlutur að fullkomnun sjálfs sín, sinni endalegu mynd. Þannig sjást tengsl tilgangs og forms, því endalegt form hlutarins er tilgangurinn.“ (s. 78)

„.....hafnaði Aristóteles frummyndakenningu Platons, þótt hann hafi viðurkennt að hið altæka væri til. (s. 78)

„Í umsögnum hafði Aristóteles skipt verundaflokknum í frumlegar og annarlegar verundir. Einstaklingar eru frumlegar verundir, en tegund og ætt eru annarlegar. Þessi greinarmunur á (s. 78) hinu einstaka og hinu altæka er mikilvægur í allri heimspeki Aristótelesar.“ (s. 79)

„Frumleg verund er, annarleg verund er eitthvað. En kjarninn er sá að verundin sjálf er alltaf eins; það er aðeins ein verund. Þarna er reginmunur á kenningu Aristótelesar og Platons. Í setningunni „Snati er hundur“ er verund hundsins verund Snata. Það er engin önnur verund handan Snata, engin frummynd hundsins.“ (s. 79)

„Verundin er ákveðin undirstaða eða frumlag sem hefur sínar umsagnir. Einnig mætti segja að verundin væri eining efnis og forms, ákveðin samsetning.“

„.....hvað það er fyrir hlut að vera (s. 79).....Þetta hefur löngum kallast eðli.“ (s. 80).....Eðlishugtakið er útskýrt með orsakakenningunni. Sem fyrr segir nálgast form og tilgangur hvort annað. Þá má segja að eðlið sé endalegt form hlutarins, tilgangurinn þegar honum hefur verið náð. Endanlegt form er hluturinn sjálfur í (s. 80) fullkomnun sinni. Þetta kallar Aristóteles fullnun.....Ferlið sem leiðir til fullnunar er virkni..... til að skilja þetta hugtak betur má hugsa sér efní án forms. Hérna er aðeins möguleikinn eða getan..... til staðar. Virknin getur af sér hlutinn sjálfan. Aristóteles notar þessi hugtök til að færa rök fyrir því að breytingin sjálf sé eilíf og endalaus.“ (s. 81)

„Það sem orsakar breytinguna er einhver virkni. Og fyrst breytingin er eilíf, er virknin eilíf. Annars hættir breytingin. Hér erum við komin að frumorsök hverseina, frumhreyflinum. Hann er sú virkni sem kemur allri breytingu af stað. Hann hlýtur að vera efnislaus, því efníð gæfi til kynna möguleika á breytingu, sem stríðir gegn eilífð virkninnar. Þessi óefnislegi frumhreyfill

hreyfir hvaðeina sem markmið og þannig er hann hið góða, endaleg heill hverseina, það sem allt stefnir að. Þessa eilífu virkni nefnir Aristóteles guð. Virknin sjálf er hugsun eða vit, enda er efnislaust form sagt jafngilda hugsun.

(Aristóteles, Frumspekin XII) „Þetta er uppspretta heimsins og náttúrunnar. Líf hennar er eins og lífið sem við best lifum um skamma hríð. Þannig hlýtur hún ávallt að vera. En þetta er okkur ómögulegt, því virkni hennar er einnig ánægja.... Vit í sjálfu sér beinist að því sem er best í sjálfu sér. Æðsta vit beinist að æðstu gæðum. Vit hugsar sjálft sig með hlutdeild sinni í viðfangi sínu. Vit verður viðfang sjálfs sín með skilningi sínum og hugsun. Þannig verður vitið og viðfang þess eitt og samt, því það sem skilur viðfang vits, sem er verund, er vit. Virknin brýst fram þegar vitið hefur viðfang sitt.“ „(s. 82)

„Manneskjan er náttúrulegt fyrirbæri af holdi og blóði.hefur einnig eitthvað sem gerir henni kleift að lifa, (s. 82) vera lifandi. Þetta hefur kallast sál en mætti frekar kalla lífsgróanda. Þessum skilningi skildi Aristóteles sálina. ...frábrugðin sálum annarra dýra með því að búa yfir skynsemi. Það er einkenni manneskjunnar....samsetning sálar og líkama.....gefur sálin líkamanum form og tilgang. Þannig er engin sál án líkama, og enginn lifandi líkami án sálar. Sálin er því ekki einhver sérstök vera, guðdómleg eind sem er hneppt í fjötra holdsins.

Hins vegar er sálin einmitt þannig eftir platónskri heimspeki og kristinni kenningu.....Platon hafði....stöðugt vísað til yfirskilvitslegs veruleika sem var hin sanni veruleiki; þar voru frummyndirnar. Þetta gerir Aristóteles aldrei.....

Aristóteles hefur þó skoðanir á guðdómnum eins og öllu öðru. Hann er hrein hugsun, hrein og fullkomin skynsemi, form án efnis. Við þekkjum áþekka hugsun úr upphafi Jóhannesarguðspjalls. Mannskepnan á að vissu leyti hlutdeild í guðdómnum, nefnilega að svo miklu leyti sem hún er skynsemisvera. Og það er hún reyndar umfram allt. Þess vegna ber henni skylda til að líkjast (s. 83) guðdómnum eftir megni, segir Aristóteles.

Það er köllun mannsins sem skynsemisveru. En þetta ber að gera....ekki vegna opinberunar guðs heldur af því skynsamleg rök mæla svo fyrir. Gegni góður maður einhverjum reglum í breytni sinni gegnir hann þessum reglum vegna þess að þær koma frá skynseminni en ekki opinberuðum sannleika. Allt miðast við mannlega skynsemi. Samkvæmt Aristótelesi felast afleiðingar góðrar breytni einnig í þessu náttúrulega ástandi, en ekki verðlaunum guðs. Því getur mannskepnan sem dýr aðeins breytt með fulltingi hvata sinna og tekur skynsemin sjálf mið af því; breytni ræðst ekki af stríði hvata og skynsemi. Þannig er lítið gefið fyrir meinlæti í lifnaðarháttum; ánægjan er eðlilegur fylgifiskur hvernar þeirrar breytni sem er eiginleg mönnum og dýrum. “ (s. 84)

(Nedánmálsskýring) „Þessa náttúrhyggju má einnig skilja sem andstæðu tveggja aðferða innan siðfræði samtímans, kenndastefnu og almennrar forskriftarstefnu. Samkvæmt kenndastefnu eru gildisdómar í raun ekki setningar um nokkurn skapaðan hlut, hvorki sannar né ósannar, heldur eins konar viðbrögð við umhverfinu.....Samkvæmt almennri forskriftastefnu eiga gildisdómar fyrst og fremst að segja til um breytni. Aristóteles virðist álíta að siðfræði eigi að koma til skila staðreyndum um mannlega náttúru en hvorki gefa til kynna viðhorf né setja fyrir ákveðna breytni.“ (s. 84-85)

„Það á að móta kenndir og hvatir en ekki hafna þeim. Allt siðferði mannsins byggist á því að ná tókum á kenndum og hvötum svo maðurinn verði sjálfur heilsteyptur og góður í breytni sinni.“ (s. 85)

„Markhyggja segir að engin athöfn sé einhlít sjálfri sér heldur beinist hún ávallt að einhverju markmiði sem gefur henni gildi. En markmið ákveðinnar (s. 85) breytni þarf ekki að vera endanlegt, heldur getur þetta markmið verið tæki til að nálgast annað markmið sem er endalegra.“ (s. 86)

„Hugmyndin um farsæld, heillastefnan, birtist í þeirri staðhæfinu Aristótelesar að farsæld sé æðsta mannlega heill, endaleg markmið mannlegra athafna.“ (s. 86)

„.....gerir skýran greinarmun á ánægju og farsæld.....Margir hafa skilið heillastefnuna sem merkilegasta sérkenni aristótélískrar siðfræði og kannski allrar grískrar siðfræði.“ (s. 89)

„.....ber að skilja dyggð, sem ágæti mannsins.....geri greinarmun á vitrænni og siðrænni dyggð“ (s. 90)

„...siðvenjan ákveð-(s. 90)ur sálarhneigðina. En eigi sálarhneigðin að vera góð hlýtur breytnin að vera góð, því venjist maður slæmri breytni þá verður hneigðin slæm.“ (s. 91)

Skýringar:

„.....skiptir A þekkingu í þrjár megingreinar: fræðilega....., siðlegaog verklega.....einkennist ávallt af viti sínu og hugsun.....“

Siðleg þekking er ákveðin sálargáfa eða hæfileiki.....Hún gerir mönnum kleift að orsaka breytingu, koma einhverju til leiðar með breytni sinni, eins og verkleg þekking orsakar (s. 94) breytingu með sköpun. ...frábrugðin fræðilegri þekkingu sem einungis íhugar veruleikann og sannleikann.

Siðleg þekking er fyrst og fremst stjórnspeki..., en sjálf siðfræðin er hluti stjórnspekinnar sem rannsókn á siðgerð....einstaklingsins. Siðfræði fæst því við einstaklinginn og stjórnspeki við samfélagið.....heill samfélagsins hvílir á heill einstaklingsins.“ (s. 95)

„Stærðfræði hefst á ósannanlegum frumsetningum.... og sannar út frá þeim. Frumsetningar siðfræðinnar eru hins vegar faldar í löngunum og athöfnum manneskjunnar. Þær eru að baki staðreyndinni, til dæmis rétt skilgreining á farsæld.“ (s. 99)

„Til að geta lagt stund á rannsóknir í siðfræði þarf nemandinn að hafa alist upp þannig að hann hafi tileinkað sér réttar skoðanir um góða siði. (s. 99) Þessir siðir og skoðanir eru vitnisburður okkar um hverjar séu frumsetningar siðferðis. Þær eru til marks um staðreyndir málsins sem rannsóknin hefst á.“

„Ekki svo að skilja að hann telji að almenningur lifi eftir sönnum hugmynd-(s. 100)um um rétt breytni. Hann telur þvert á móti að flestir lifa eftir skrítnum og oft röngum hugmyndum um hvað veiti ánægju.“ (s. 101)

„Engin athöfn er einhlít í sjálfri sér heldur beinist hún ávallt að markmiði sem gefur henni gildi.“ (s. 101)

„...hlýtur markmið lífs okkar að velta á okkur sjálfum en ekki öðrum....getur dyggð ekki verið hið sanna markmið.....auði og ríkidæmi, sem er þó ljóslega tæki en ekki markmið í sjálfu sér.....endanlegasta markmið mannsins séu æðstu gæði, sem við höfum kallað mannlega heill...eftir því er sóst aðeins vegna (s. 105) þess sjálfs. Hið góða er því ákjósanlegt í sjálfu sér.“ (s. 106)

„Annars vegar þarf þessi heill að vera endanleg, sem fyrr segir. Það sem er gott þarf að vera valið sjálfs þess vegna. Hins vegar þurfa þessi gæði að vera einhlít sjálfum sér, sjálfum sér næg. Farsæld uppfyllir bæði skilyrðin.....farsæld sé sálarvirkni í samræmi við bestu og (s.106) endalegustu dyggðina. (s. 107).....hún birtist í fræðilegu lífi hreinnar íhugunar og í samfélagi manna.“

„....hvort A setji fram farsældarhugtak sem geri ráð fyrir skynsamlegri niðurskipan allra þeirra gæða sem manneskja sækist eftir eða hvort hann setji íhugun ofar öllu, sem endanlegt markmið mannlegs lífs. Fyrri kosturinn er skynsamlegri.....“ (s. 107)

„.....hvert sé eiginverk mannsins.....(s. 108).....hefur fleiri eiginleika eða sálgáfur.....æðri sálgáfa sem hann kallar skynsemishluta eða það sem býr yfir skynsemi.....skiptist í tvennt, þar sem annar hlutinn skilur regluna og hefur sjálfur skynsemi, en hinn getur hlýtt skipun skynseminnar.

Eiginverk mannsins felst í virkni....þessa skynsemishluta, en ekki aðeins hæfileika eða getu....., og birtist þessi sérstaka virkni mannsins í breytni hans....

Þessi sálarvirkni hlýtur að vera í samræmi við dyggð mannsins eða ágæti, því eiginverk mannsins miðast ekki við slæmt verk.....“ (s. 109)

„Annars vegar er sá hluti sem hefur skynsemi, færir rök fyrir máli sínu, beitir skynsemi og rökhugsun.

Hins vegar er sá hluti sem hlýðir á rökin og getur tekið mið af þeim eða hafnað.“ (s. 116)

„Að sama skapi eru til tvenns konar dyggðir sem tilheyra annars vegar skynsemishlutanum og hins vega hvatahlutanum.

Hinar fyrri taka til raka og hugsunar.....vitrænar dyggðir.

Hinar síðari taka til skaphafnar mannsins, hvata og kennda.....siðrænar dyggðir.

Innan skynlausa sálarhlutans má gera greinarmun á vaxtarmegni og hvötum. Vaxtarmegnið er sálgáfa.....sem maðurinn á sameiginlega með plöntum og dýrum.....hefur í vissum skilningi skynsemi.....kennir A við löngun eða hvatir...“ (s. 117)

„.....: breytni er viljandi þegar upptök hennar eru í gerandanum og hann þekkir aðstæður. Viljandi breytni er því nauðsynleg forsenda ábyrgðar.“ (s. 131)

„Þannig er dyggðug breytni ekki aðeins viljandi heldur samkvæmt manns eigin vali. Þess vegna eru dyggðir og lestir undir okkur sjálfum komin. Því telur A að Sókrates hafi haft rangt fyrir sér þegar hann sagði að enginn væri viljandi slæmur. Hegðun okkar er á okkar valdi. Jafnvel fávísi firrir okkur ekki alfarið ábyrgð, því beri maður sjálfur sök á fávísi sinni er hann jafnsekur.“ (s. 135)

„.....beri maður ábyrgð á hneigðum sínum og sálarástandi beri hann einnig ábyrgð á hvað honum finnst vera gott; ef sú er ekki raunin beri mannlega náttúra sökina á öllum hans gerðum og hneigðum. Breytni....alfarið á ábyrgð breytandans sjálfs; hann er ávallt aflvaki þeirrar breytni sem er gerð af ráðnum hug.....“

A virðist segja að við séum frjáls en þó fylgi breytnin nauðsynlega skapgerð okkar, (s. 135) hneigð, sálarástandi.“ (s. 136)

„Dyggð vísar ýmist til kennda eða athafna. Því er dyggð eða ágæti hneigð sem stýrir vissum kenndum og hneigir manninn til ákveðinna athafna við tilteknar aðstæður.....með rannsókn sinni á siðrænum dyggðum lýsir A farsæld, því hún er mannleg dyggð eins og best verður.“ (s. 137)

„Annars vegar lýtur réttlátur maður lögum. Hins vegar er hann sanngjarn; hann er ekki ójafnaðarmaður.“ (s. 148)

„Réttlátur maður hneigist til ákveðinna verka af ráðum hug og eigin vali. Hins vegar bera menn ekki jafnmikla ábyrgð á misréttlátum gerðum sínum.....

afmarkað réttlæti. Stafr breytni af nauðung ber maður enga ábyrgð.....af fávísi þannig að maður gat ekki séð fyrir miskann.....slys.....getað séð fyrir miskann....mistök.....vitandi vits en ekki af ráðum hug, eins og reiður maður, er breytnin ranglát þó slíkt þýði ekki að gerandinn sé ranglátur. Breyti maður af ráðnum hug og eign vali er gerandinn ranglátur og breytnin líka.“

„.....er sérhver dyggð sálarástand sem stefnir á meðallagið....(s. 156) ákvarðast af rétri skynsemi....hins hyggna manns segir hvernig skuli ná markmið lífsins með ákveðnum athöfn sem eru meðallag tveggja lasta.“ (s. 157)

„.... farsæld manneskjunnar fælist í sálarvirkni í samræmi við dyggð eða bestu og endanlegustu dyggðina ef dyggðirnar eru fleiri en ein þá þarf að rannsaka vitrænar dyggðir engu síður en siðrænar dyggðir, og spyrja síðan hvaða dyggð sé best, til að komast að farsældinni....“ (s. 157)

„Þátturinn sem leggur niður skynsamlegar reglur, skynsemishluti sálarinnar, skiptist í tvennt.....þekkingarhluta.... og rökhluta.aðgreinir hlutana tvo er viðfangsefnið, hið óbrigðula og hið brigðula. (s. 158)

„Báðir hlutarnir eiga sér sameiginlegt markmið.....stefna....á sannleikann.....

Hvöt og skynsemi ráða breytni mannsins, þótt á ólíkan hátt sé. Skynsemi kemur engu til leiðar ein og sér, í sinni hreinustu mynd sem einhvers konar hugsunarferli. En hún býr að baki ráðagerða mannsins, sem ræður hvötinni og birtist í vali: siðræn dyggð....hneigð til að velja, en val er afráðin hvöt þar sem hvötin veit að markmiði. Viðfangsefni rökhlutans er því (s. 159) leiðir að markmiðum.“ (s. 160)

„Dyggð þekkingarhlutans er viska.....,rökhlutans er hyggindi....(s. 161)

„Kunnátta eða list....gerir okkur kleift að búa til hluti. Þessi hæfileiki tekur aðeins til þess sem breytist vegna ytri aflvaka....“ (s. 162)

„....greinir...kunnáttu frá hyggindum...byggir á greinarmuni sköpunar.... og athafnar....sköpun er hreyfing, en athöfn er virkni.“ (s. 163)

„Vit.....gerir okkur kleift að skilja þær frumforsendur sem liggja til grundvallar þekkingu...“ (s. 163)

„Viska er eining þekkingar og vits og beinist að æðstu viðföngum mannlegrar hugsunar. Eins og viska fæst við himinhnetti, fást hyggindi við mannlega heill.“ (s. 167)

„.....greinarmuni á þekkingu sem sálarástandi...., sem er hæfileiki, og virkilegri þekkingu...., sem er virkni... (s. 171)....er ólík að gæðum og misjafnlega ákjósanleg.einnig ánægjan sem

fylgir henni.....sönn mannleg ánægja....sem hygginn maður nýtur....þær nautnir sem fullkomna eiginverk mannsins.“ (s. 183)

„Eigi maðurinn að ná markmiði sínu þarfnast hann vina, því vinátta virðist gera honum kleift að gera sér grein fyrir eigin sjálfi; hann ann vini sínum að svo miklu leyti sem vinurinn er annað sjálf. Vinátta virðist vera birtingarform sjálfsástar þar sem eigin óskir brjótast út fyrir einstaklinginn og beinast að vinum og samfélaginu öllu, að svo miklu leyti sem samfélagið samanstandur af vinum. Þannig ríkir einhugur um markmið allra og ríkisins sjálfs. Og þannig verður einstaklingurinn farsæll, því ríkið er vettvangur hans; þar breytir hann og lifir. Með vinátta sinni birtist góðleiki einstaklingsins honum sjálfum; markmið hans verður eitt með öllum.“ (s. 188)

„Lifi manneskjan með dyggðuga siðgerð snertir það líf mannsins alls, hans samsettu náttúru, samruna sálar og líkama. Þetta heitir mannleg farsæld.“ (s. 190)

„Í fyrsta lagi...mannleg farsæld, takmörkuð og dauðleg. Í öðru lagi....leið að farsældinni sjálfri, guðdómlegri farsæld.“ (190)

Neðanmálsskýring:

„Hugrekki“sem vísast væri nákvæmast þýtt með „karlmennsku“, enda náskylt orðinueða karlmaður.“ (s. 306)

„Platon: Ríkið I (330 C) „Líkt og skáldunum er annt um eigin kveðskap og feðrum um börn sín.... verk þeirra sjálfra.“ (s. 334)

Bókin – fyrra bindi: „Flestum kemur saman um nafnið; það heitir farsæld bæði hjá lærðum og leikum: að lifa vel og breyta vel er skilið sama skilningi og farnast vel.“ (s. 211)

„...virðist almúginn leggja heill og farsæld að jöfnu við ánægju, og með nokkrum rétti. Þess vegna elskar hann munað.....þorri manna er þýlundaður og æskir heldur lífs sem hæfir skepnum....(s. 214)

„.....sjálfstæði farsældarinnar....ekki aðeinsfyrir manninn einan, sem lifir lífi sínu einsamall, heldur einnig fyrir foreldra, börn, konu, vini og samborgara yfirleitt, því maðurinn er félagsvera.“ (s. 224)

„Farsæld virðist þá vera eitthvað endanlegt og sjálfstætt (s. 224) og markmið allra athafna.“ (s. 225)

„.....farsæld ...viss sálarvirkni í samræmi við dyggð.“ (s. 234)

„.....barn....ekki farsælt, því barnið hefur ekki aldur til slíkra verka; það er vegna mannvænleika síns sem barn er talið farsælt. Því farsæld þarfnast fullkominnar dyggðar og fyllingar tímans.....“ (s. 235)

„Góðir menn og illir aðgreinast hins vegar síst í svefni. (Því er sagt að ekkert aðskilji farsæla menn og auma hálf lífið. Þetta er að líkum, því svefninn er óvirkni sálarinnar að svo miklu leyti sem sálin er sögð vera góð eða slæm.) Slíkt gerist helst þegar lítilsháttar rót kemst á sálina, sem gerir draumfarir góðra (s. 245) manna betri en venjulegs fólks.“ (s. 246)

„Trúlega eigum við engu síður að viðurkenna tilvist einhvers í sálinni sem sniðgengur skynsemina, einhvers sem horfir öfugt við henni og veitir henni viðnám. Engu skiptir í hvaða skilningi þessi hluti greinist frá skynsemishlutanum. Hann virðist einnig eiga hlutdeild í

skynseminni, sem fyrr segir, alltént hlýðir hann skynseminni í öguðum manni, og kannski enn frekar í hófsömum og hugrökkum, því hann er allsendis sammála skynseminni.“ (s. 246)

„Þess vegna virðist skynleysi einnig vera tvenns konar, því vaxtarmegnið á ekkert sameiginlegt með skynsemi, en ástríðuhlutinn og hvatahlutinn yfirleitt á nokkra hlutdeild í skynseminni, það er að svo miklu leyti sem hann hlustar og gegnir.“ (s. 247)

„...engin siðræn dyggð er mannum í blóð borin, því enginn náttúrlegur hlutur venst á það sem gengur gegn náttúru hans.“ (s. 251)

„Það sem við kjósum er þrennt og það sem við forðumst er þrennt: göfugt, hagstætt, ánægjulegt og andstæður þessa, svívirðilegt, skaðlegt, sáraukafullt.“ (s. 258)

„Dyggð erhneigð sem lýtur að fyrirætlun eða vali og felst í meðallagi miðað við okkur; hún skilgreinist af skynseminni og sem hygginn maður myndi skilgreina. Hún er meðallag tveggja lasta, þar sem annar ræðst af skefjaleysi og hinn af skorti.“ (s. 267)

„En nú gefa hvorki allar athafnir né kenndir kost á meðallagi, því sumar heita nöfnum sem beinlínis vísa til illsku, eins og illgirnir, óskammfeilni og öfund, og í athöfnum hórlífi, þjófnaður (s. 267) og mannsmorð, því sagt er að allt þetta og þessu líkt sé í sjálfu sér vont, en ekki aðeins skefjaleysi þess eða skortur. Þess vegna ratar maður aldrei rétta leið í þessum málum heldur lætur einatt glepjust; að gera vel eða ekki vel kemur því ekki við hvort maður drýgir hór með réttu konunni á réttum tíma eða á réttan hátt, heldur eru einfaldlega afglöp að gera nokkuð af slíkum toga.“ (s. 268)

„Dyggðir og lestir eru því á okkar eign valdi. Sé á okkar valdi að breyta er einnig á okkar valdi að breyta ekki.“ (s. 300)

„.....; menn eiga sjálfir sök á því að vera ranglátir eða hóflausir, hvort heldur með ofbeldi eða drykkjuskap eða einhverju slíku, því tiltekinn verknaður getur af sér samsvarandi siðgerð.“ (s. 302)

„Það er einnig rangt að halda að maður sem beitir ranglæti óski sér ekki að vera ranglátur eða maður sem lifir við hófleysi óski sér ekki að vera hóflaus.“ (s. 303)

„Sjúklingur verður ekki heill heilsu með ósk sinni eftir heilsu. Gerum ráð fyrir að sjúklingur sé sjúkur viljandi af hófleysi í lífsháttum og óhlýðni við lækna. Upphaflega var vissulega undir honum komið að verða ekki sjúkur, en ekki þegar hann hefur fyrirgert heilsunni,....“ (s. 303)

„Nú eru ekki aðeins sálarlestir viljandi heldur hafa sumir viljandi líkamslesti. Við ávítum þessar manneskjur. Það ávítar enginn fólk sem fæðist (s. 303) ljótt, en við ávítum fólk sem verður ljótt af þjálfunarleysi og vanhirðu. Það gegnir sama máli um vanmátt og bæklun; það ávítar engin mann sem fæðist blindur eða blindast af völdum veikinda eða barsmíða heldur aumka, en allir ávíta mann sem blindast af völdum ofdrykkju eða einhvers hófsleysis. Við vítum því líkamslesti sem eru á okkar eigin valdi en ekki aðra.“ (s. 304)

„Markmiðið er ekki sjálfvalið, heldur verður maður að fæðast með ákveðna sýn, ef svo má segja, sem gerir honum kleift að dæma vel og velja sönn gæði. Maður sem hefur slíka gáfu er vel gerður. Þessi gáfa er mest og göfugust og verður hvorki fengin né numin af öðrum; hún verður að vera slík sem hún var við fæðingu. Sé maður vel og fagurlega gæddur þessari gáfu hefur hann hlotið fullkomna og sanna náðargjöf.“ (s. 304)

„Og sá sem óttast ofstopa (mitt innskot: misbeitingu valds eða líkamsmeiðingar (þýð.)); öfund eða eitthvað slíkt gagnvart konu sinni og börnum er ekki blauður og ekki heldur hugrakkur þótt hann standi gleiður frammi fyrir kvalara sínum.“ (s. 307)

„.... enginn stendur fastar fyrir en karlmennið þegar mesti voðinn steðjar að. Dauðinn er skelfilegastur; hann er endir; ekkert telst lengur gott eða vont (s. 307) hjá dauðum. Við hvaða aðstæður skiptir dauðinn máli fyrir slíkan mann?....við hinar göfugustu aðstæður....hermanns á vígvelli.....réttilega hugrakkur sem óttast ekki göfugan dauðdaga eða banvæn áföll.....“

„.....hugrekki er göfugtKarlmenið stendur.... fast fyrir og breytir eftir boðum hugrekkis vegna göfginnar.....ef hann óttaðist ekki neitt, hvorki jarðskjálfa né öldurót.....væri hann tilfinningalaus eða brjáláður.“ (s. 310)

„Karlmenin eru hins vegar snörp þegar á hólminn kemur en yfirveguð áður.....að deyja á flóttu undan örbirgð, ást eða einhverju sem veldur þjáningu er ekki einkenni karlmennis heldur öllu frekar bleyðu.....“ (s. 311)

Bókin: Seinna bindi. Skýringar og neðanmálgreinar: „Hermenn hentu skjöldum sínum til að flýja hraðar af hólmi. Það þótti skammarlegt, enda báðu spartverskar mæður sýni sína að snúa heim með skjöld sinn eða á honum.“ (s. 20)

„Hvort heldur þeir eru algerlega jafnir, eins og í lýðræðisríki, eða jafnir miðað við verðleika, eins og í aðalsveldi. – Það ríkir hlutfallslegur jöfnuður með borgurum í aðalsveldi. – Það ríkir hlutfallslegur jöfnuður með borgurum í aðalsveldi en tölulegur með borgurum lýðræðisríkis.“ (s. 38)

„.....sagði Sólon að Tellom væri hamingjusamastur; hann átti vel til hnífs og skeiðar, naut barnabarna sinna og féll að lokum í orrustu til varnar föðurlandinu.“ (s. 256)

Bókin: „....telst réttlæti ein dyggða vera annarra manna gæði, því réttlæti beinist að öðrum; það skipar öðrum til heilla, hvort heldur stjórnandanum eða einhverjum félagi.“ (s. 18)

(Sófokles: Antígóna, s. 175 – 177 – þýðing Helga Hálfðánarsonar: „En enginn prófsteinn kann kenndir nokkurs manns né hugar og skapgerð, fyrir en færi gefst að sjá hann iðka stjórnarstörf í valdssess.“ – s. 18)

„Að svo miklu leyti sem dyggð beinist að öðrum er hún réttlæti, en að svo miklu leyti sem hún er einhlítt sálarástand er hún dyggð.“ (s. 19)

„....drýgi einn maður hór af hagnaðarvon og græði á hórur, en annar af ástríðu og beri skarðan hlut frá borði og hljóti refsingu, teldist hinn síðarnefndi frekar vera taumlaus en ásælinn, en hinn fyrrnefndi ranglátur og ekki taumlaus; ljóslega er hann ranglátur fyrst hann breytti af hagnaðarvon.“ (s. 20)

„.....réttlæti húsbóndans (s. 39) og föðurins,....., einhlítt ranglæti gagnvart því sem er manns eigið er ekki til, en eignir manns og afkvæmi, uns þau vaxa úr grasi og hleypa heimdraganum, eru eins og hluti manns sjálfs, en enginn kýs að meiða sjálfan sig; því beitir enginn sjálfan sig ranglæti

...slíkt fylgdi lögum og fannst á meðal þeirra manna sem eðli sínu samkvæmt lutu lögum, en á meðal þess fólks var því jafnt skipt að stjórna og vera stjórnað. Þess vegna ríkir réttlæti frekar á milli manns og konu en manns og eignar eða afkvæma; þetta er réttlæti heimilisins, sem aftur er frábrugðið réttlæti borgarans. „ (s. 40)

„Þegar við skiptum sálardyggðum nefndust sumar siðrænar en aðrar vitrænar.....eru hlutar sálar tveir, skynsamur og skynlaus.....gerum ráð fyrir tveimur skynsemishlutum. Með öðrum hugleiðum við fyrirbæri sem eiga sér ekki brigðul upptök; með hinum fyrirbæri sem eiga sér brigðul upptök. (s. 64).....

Nefnum annan hlutann þekkingarhluta og hinn rökhluta.....Rökhlutinn er því einn hluti skynsemishlutans.“ (s. 65)

„Þrennt í sálinni ræður athöfn og sannleika: skynjun, vit og hvöt.2 (s. 65)

„Val er uppspretta athafnar, ekki uppspretta sem tilgangur heldur sem aflvaki. Uppspretta vals er hvöt og rökfærsla sem beinist að einhverju markmiði. Þess vegna er vit, hugsun og siðrænt ástand nauðsynlegt skilyrði vals, því vit og siðræn hneigð eru nauðsynleg skilyrði góðrar breytni og andstæðu hennar. Sjálf hreyfir hugsunin ekkert, heldur aðeins sú hugsun sem hefur markmið og varðar athöfn.“ (s. 66)

„.....fimm eiginleikar geri sálinni kleift að nálgast sannleikann með samþykki sínu eða höfnun: kunnátta, þekking, hyggindi, vissa og vit.“ (s. 67)

„Þekking er dómur á almennum og nauðsynlegum sannleika, og niðurstöður sannreyndar og sérhverrar þekkingar fylgja forsendum (því þekking lýtur rökum.....það sem er þekktanlegt má sannreyna, en kunnátta og hyggindi varða hið brigðula.“ (s. 74)

„Vit fæst því við forsendur eða upptök.“ (s. 74)

„við eignum þeim visku í kunnáttugreinum sem hafa náð mestri fullkomnun í grein sinni.....ágæti kunnáttunnar.“ (s. 75).....viska hlýtur að vera fullkomnast grein þekkingar. Þá hlýtur vitringurinn ekki aðeins að vita hvað fylgir forsendum, heldur einnig sannleikann um þær. Viska hlýtur þá að vera vit og þekking – fullkomin þekking á því sem mest er vert.“ (s. 76)

„.....fólkskulegs eðlis.....hneigðir.....hef ég í huga skepnuskap eins og hennar sem sagt var að risti sundur kvið vanfærrar konu og æti fóstrið.....gleður villta þjóðflokka einsog mannakjöt eða því að hverjir lána börn sín til hátíðabrigða..... eða í sögunni um Falaris (einvaldur á Sikiley sem brenndi óvini sína til dauða í katli sem líkist nauti, sem virtist baula, þegar fórnarlömbin öskruðu – þýð.)(s. 116)

„Þessar hneigðir eru skepnuskapur, en aðrar verða til fyrir sjúkdóma (ellegar brjálæði í ýmsum tilvikum, eins og brjálæði mannsins sem fórnaði og át móður sína eða þrælsins sem át lifur úr félagá sínum). Enn aðrar eru sjúklegar sem verða til fyrir siðvenju, eins og að kroppa hár sitt eða naga neglur, eða bryðja jafnvel kol og mold, og aukin heldur að leggja lag sitt við drengi.

Þessar hneigðir eru sumum í blóð bornar en verða til með öðrum fyrir venju, eins og þeim sem hefur sætt ofbeldi frá blautu barnsbeini. Nú kallast þeir menn aldrei breyskir sem eru þessar hneigðir eðlislægar, ekki frekar en konur sem eru þolendur í samskiptum kynjanna, né þeir sem eru sjúklega hneigðir vegna venju. Slíkar hneigðir eru handan lasta. Þannig er skepnuskapur.....

Allar skefjalausar hneigðir, hvort heldur flónska eða hugleysi, hófleysi eða geðvonska, eru annað hvort skepnuskapur eða sjúkdómur. Þegar manneskja eðli sínu samkvæmt hræðist hvaðeina, jafnvel músarvæl, er hugleysi hennar skepnuskapur, en hræðsla manneskju við hreysikött er (s. 117) sjúkleg.“

„.....vináttu.....hún er dyggð eða felur í sér dyggð og ræður enn fremur miklu í mannlífínu.“

(Þýð.:“ Stundum væri nær að tala um ástúð, vinsemd eð eitthvað slíkt.“)

„Þegar menn eru vinir gerist engin þörf á réttlæti, en þrátt fyrir réttlæti þarfnast þeir einnig vináttu.“ (s. 150)

„Nytsemisvinátta beinist að heill þess sem ann og ánægjuvinátta að því sem er unnandanum ánægjulegt. (s. 154).....þurfa þeir ekki á félagsskapnum að halda, nema þeir gagnist hver öðrum.....gistivínáttu.....“

Fullkomin vinátta er vinátta góðra manna sem eru gæddir sömu dyggðum, því þeir óska hvor “ (s. 155)öðrum heilla af því þeir eru góðir og þeir eru góðir í sjálfum sér. Þeir sem óska vini sínum heilla sjálfs hans vegna eru mestir vinir, því þeir gera þetta eðli sínu samkvæmt en ekki tilfallandi.“ (s. 156)

„....aðrar gerðir af vináttu, ..þegar ójöfnuður ríkir á milli aðilanna, eins og samband föður og sonar, almennt eldra fólks og yngra, eiginmanns og eiginkonu, almennt yfirmanna og (s. 164) undirsáta.

Þessar gerðir eru ólíkar hver annarri, því vinátta foreldra við börn sín er ekki eins og vinátta yfirmanna við undirsáta sína, né vinátta föður við son eins og vinátta sonar við föður, né vinátta eiginkonu við eiginmann.

Eiginverk og dyggðir sérhvers þessara aðila eru ólík, sem og ástæður þeirra fyrir ástúðinni; ástúðin og vináttan eru því einnig ólíkar. Því gefur hvorugur aðilinn hinum hið sama né ætti hann að leita hins sama,.....“

Þegar vináttan gefur til kynna ójöfnuð ætti ástúðin einnig að vera hlutfallsleg; betri og nýtsamlegri aðilanum ætti að vera unnað meira en hann ann, og eins í öllum öðrum tilfellum, því þegar ástúð stendur í réttu hlutfalli við verðleika ríkir viss jöfnuður, sem telst vissulega vera til marks um vináttu.

Um jöfnuð í réttlátum athöfnum virðist gegna öðru máli en jöfnuð í vináttu; það er fyrst og fremst hið jafna í réttlátum athöfnum sem stendur í réttu hlutfalli við verðleika, en síður þegar jöfnuðurinn veltur á magni.“ (s. 165)

„Svo virðist sem flestum manneskjum sé fremur metnaðarmál að vera elskaðar en elska.....“

.....virðist vinátta fremur felast í því að veita ástúð en þiggja. Til marks má hafa mæður, sem njóta þess að veita börnum (s. 167) sínum ástúð, því sumar mæður láta börn sín alast upp hjá öðrum; þær hafa til að bera ástúð og þekkingu á högum barna sinna, en reyna ekki að njóta ástúðar þeirra, standi þeim ekki hvort tveggja til boða. Þeim virðist nægja að sjá börn sín þrífast vel. Mæður elska sjálfar börn sín þó að börnin hafi ekki vit til að veita þeim það sem mæðrum ber....“ (s. 168)

„.....eru þeir menn varanlegir vinir og vinátta þeirra varanleg sem veita gagnkvæma ástúð eins og hvor verðskuldar.“ (s. 168)

„Konungur þarf að vera nógur sjálfum sér og æðri þegnum sínum í öllum góðum hlutum. Slíkur maður þarfnast einskis að auki og gætir því ekki að hagsmunum sjálfs sín heldur að hagsmunum þegna sinna.“ (s. 172)

„Samfélag föður og sona hefur viðlíka snið og konungsveldi, því faðirinn ber umhyggju fyrir börnum sínum.“ (s. 173)

„Samfélag manns og konu virðist vera aðalsveldi, því maðurinn stjórnar eftir verðleikum sínum og þegar hann skyldi stjórna en lætur konunni eftir það sem henni hæfir. Ráði maðurinn öllu leiðir sambandið til fámennisstjórnar, því þá brýtur hann á hlutfallslegum verðleikum manns og konu en stjórnar ekki vegna yfirburða sinna.

Stundum stjórna þó konur séu þær erfingjar, en þá stjórna þær ekki fyrir eigin ágæti heldur í krafti auðæfa og valda, eins og í fámennisveldi.“ (s. 174)

„Vinátta konungs og þegna veltur á því að konungur hafi yfirburði í (s. 174) góðverkum. Hann gerir þegnum sínum vel ef hann sýnir þeim umhyggju sem góður maður með velgengni þeirra að markmiði, eins og hirðir sýnir sauðum sínum umhyggju.....

Þannig er vinátta föðurins, en þó skilur að magn góðverkanna, því hann er valdur að tilveru barna sinna (sem telst æðsta heill), viðurværi og menntun. Þessi góðverk eignum við einnig forfeðrum okkar. Enn fremur ræður faðir yfir sonum sínum eðli sínu samkvæmt, forfeður yfir niðjum, konungur yfir þegnum.....

...njóta báðir aðilarnir ekki sama réttlætis heldur veltur réttlætið á verðleikum, sem á einnig við um vináttu. Vinátta manns við konu sína er eins og í aðalsveldi, því dyggð ræður; fleiri gæði falla í skaut hinum betri og hvor tveggja hlýtur það sem hæfir, sem á einnig við réttlæti.“ (s. 175)

„Vinátta samborgara, fylkis-(s. 176)manna, samferðamanna og slíks fólks líkist meira samfélagsvináttu, því hún virðist hvíla á vissum sáttmála.

Til þessa mætti einnig telja gistivináttu.

Þó vinátta skyldmenna virðist vera margvísleg virðist hún einatt byggjast á vináttu foreldra, því foreldrar elska börnin sín sem hluta sjálfra sín og börnin elska foreldra sína sem uppruna sinn.....foreldrar elska börn sín strax við fæðingu þeirra en börnin elska foreldra sína að nokkrum tíma liðnum, með skilningi og skynjun. Af þessu má líka ráða hvers vegna mæður elska börn sín meira en feður.“ (s. 177)

„Vinátta barna við foreldra sína og manna við guði er samband við eitthvað æðra og gott, því foreldrar eru mestu velgjörðamenn barna sinna, valdir að tilvist þeirra, uppeldi og menntun allt frá blautu barnsbeini.“ (s. 178)

„.....en mannfólkið lifir saman ekki aðeins vegna tímgunar heldur einnig vegna ýmissa lífsnauðsynja. Það kemur strax til verkaskiptingar milli kynja; þau hjálpa hvort öðru og leggur hvort kynið sitt af mörkum. Af þessum sökum virðist þessi vinátta hafa að geyma bæði nytsemi og ánægju. Hún getur einnig byggst á dyggðum ef aðilarnir eru góðir, því hvor hefur sína dyggð sem hvor tveggja getur notið. Börnin hnýta kynin saman;.....börnin eru sameiginleg heill hvoru tveggja og hið sameiginlega hnýtir saman.“ (s. 179)

„Svo virðist sem okkur væri skylda að framfleyta foreldrum okkar, því við stöndum í þeirri skuld við foreldra okkar, enda göfugra að hjálpa höfundum okkar en sjálfum okkur í þessum málum. Einnig skal heiðra foreldra sem guðina, en ekki með hvaða virðing sem verkast vill, því ekki skal sýna móður sams konar virðingu og föður, né heldur skyldi heiðra foreldra jafnt og vitring eða herforingja, heldur gjalda virðingu sem faðir á skylda og að sama skapi móðir.“ (s. 195)

„Við teljum mann til vina sem vill og gerir það sem er eða virðist vera gott vegna vinar síns, eða mann sem sjálfs hans vegna vill að vinur sinn sé til og lifi. Þetta gera mæður börnum sínum og vinir sem hafa deilt. Aðrir telja þann til (s. 198) vina sem lifir með manni og velur sömu hluti, eða þann sem syrgir og gleðst með vini sínum. Þetta gerist helst hjá mæðrum.“ (s. 199)

„Og góður maður er vini sínum eins og hann er sjálfum sér, því vinurinn er annað sjálf. Af þessum sökum er vera vinar sérhverjum eins og eigin vera, eða næstum því.“

Tilvist hans var sögð ákjósanleg af því hann skynjaði góðleika sjálfs sín en slík skynjun er ánægjuleg í sjálfri sér.“ (s. 217)

„Ýmist er talið að eðlið geri fólkið gott eða siðvenjur eða kennsla.“ (s. 258)

„Eins og lög og siðvenjur mega sín mikils í borgríkjum, þannig mega sín mikils á heimili orð og siðir föðurins, en hann má sín jafnvel meira vegna skyldleika og velgjörða sem hann vinnur, því börnin leggja upp með náttúrulega ást og hlýðni.“ (s. 161)